



## Framhaldsaðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

### FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn föstudaginn 19. júní 2020

og hófst kl. 14:00 á Háalofti

#### Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu  
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu  
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu  
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu  
Guðni Tómasson -stjórnarmaður Hörpu  
Ebba Schram – borgarlögmaður  
Þorsteinn Gunnarsson – borgarritari  
Birgir Björn Sigurjónsson – fv. fjármálastjóri Reykjavíkurborgar  
Sigurður H. Helgason – skrifstofustjóri fjármála – og efnahagsráðuneytið  
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu  
Berglind Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu  
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu  
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu  
Eypór Árnason– starfsmaður Hörpu  
Elín Gränz – starfsmaður Hörpu  
Lárus Elíasson – starfsmaður Hörpu  
Þórður Sverrisson – fv. stjórnarformaður Hörpu  
Sighvatur Halldórsson – PwC  
Magnús O. Haraldsson – PwC  
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

#### Þetta gerðist:

##### 1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og að Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

##### 2. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 5. júní með tölvupósti til hluthafa og með auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu og á heimasíðu Hörpu

sama dag. Af hálfu hluthafa mætti Sigurður H. Helgason með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Þorsteinn Gunnarsson með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Gengið er til dagskrár.

### 3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2018

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum. Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

### 4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Samþykkt.

### 8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins og að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
2. Guðni Tómasson
3. Aðalheiður Magnúsdóttir
4. Arna Schram
5. Árni Geir Pálsson

### 9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykktar fyrir félagið.

### 10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillagan var samþykkt.

### 11. Starfskjarastefna Hörpu.

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 25. sept. 2019. Starfskjarastefnan var send fulltrúum eigenda og lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. Samþykkt.

## 12. Önnur mál

3

Magnús O. Haraldsson endurskoðandi hjá PwC lagði til að svohljóðandi tillaga yrði borin upp við dagskrárlið 4; *Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð*:

*Stjórn leggur til að tillaga í lögbundinn varasjóð, sbr. skýrslu stjórnar á bls. 3 og skýringu 9 á bls. 15 í ársreikningi, verði samþykkt.*

Engar athugasemdir voru gerðar við framangreinda málsmeðferð og fulltrúar eigenda samþykktu að leggja tillöguna fyrir fundinn. Tillagan var því talin vera löglega borin upp á grundvelli 8. tölul. 13. gr. samþykka fyrir félagið.

Tillagan var samþykkt af fulltrúum eigenda.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 14:40.



Ebba Schram, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari